

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1259****2019/EES/15/34****frá 20. september 2018**

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 873/2012 um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar framlengingu á umbreytingatímabilinu í 4. gr. sem varðar bragðefnið „grillbragðefnisþykkni (plöntu)“ FL-númer 21.002(\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 25. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum <sup>(2)</sup>, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 <sup>(3)</sup> var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 872/2012 voru einnig innleiddir B-hluti („bragðefnablöndur“), C-hluti („bragðefni fengin með hitablöndun“), D-hluti („forefni bragðefna“), E-hluti („önnur bragðefni“) og F-hluti („grunnefni“) í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008. B- til F-hlutar í þeim viðauka samsvara flokkum bragðefna og grunnefna sem um getur í b- til f-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008. Engar færslur eru í B- til F-hluta.
- 4) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 <sup>(4)</sup> er mælt fyrir um ýmsar umbreytingarráðstafanir á þeim tíma þegar skrá Sambandsins yfir bragðefni var sett fram í fyrsta sinn.
- 5) Í reglugerð (ESB) nr. 873/2012 er mælt fyrir um að frestur til að leggja fram umsóknir fyrir bragðefni og grunnefni, sem um getur í b- til f-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1331/2008, sé 22. október 2015. Þar er einnig mælt fyrir um umbreytingartímabil fyrir matvæli, sem þessum bragðefnum var bætt í, á meðan beðið er eftir mati Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) á framlögðum umsóknum.
- 6) Í samræmi við 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 873/2012 var 20. október 2015 lögð fram umsókn um leyfi fyrir bragðefninu „grillbragðefnisþykkni (plöntu)“ (FL-nr. 21.002) sem tilheyrir flokknum sem um getur í e-lið 9. gr., „önnur bragðefni“.
- 7) Matvælaöryggisstofnunin óskaði 5. október 2017 eftir því að umsækjandinn legði fram frekari vísindalegar upplýsingar og eiturefnafræðilegar rannsóknir eigi síðar en 5. ágúst 2018. Umsækjandinn upplýsti framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnunina um að verið sé að gera rannsóknirnar sem óskað var eftir til að leggja fram umbeðnar upplýsingar áður en fresturinn rennur út.
- 8) Ef umbeðnar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram að settum fresti liðnum ætti vegna réttarvissu að beita 4. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 með það í huga að ljúka sameiginlegri málsmeðferð til að uppfæra skrá Bandalagsins.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 238, 21.9.2018, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 8/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

(2) Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjttíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 frá 1. október 2012 um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 (Stjttíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 162).

- 9) Í samræmi við markmið reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, til að tryggja réttarvissu varðandi matvæli, sem bragðefninu „grillbragðefnisþykkni (plöntu)“ (FL-nr. 21.002) er bætt í, þangað til Matvælaöryggisstofnunin hefur lokið mati sínu, þykir rétt að framlengja umbreytingartímabilið til bráðabirgða sem fastsett var í 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 873/2012 fyrir þessa umsókn.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

1. Ný 2. mgr. bætist við 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 873/2012:

„2. Matvæli sem innihalda bragðefnið „grillbragðefnisþykkni (plöntu)“ (FL-nr. 21.002) sem tilheyrir flokknum „önnur bragðefni“ og eru sett löglega á markað eða merkt fyrir 22. apríl 2020 má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða síðasta notkunardags. Ef upplýsingarnar sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu óskaði eftir liggja ekki fyrir í síðasta lagi 5. ágúst 2018 skal ljúka málsmeðferð við umsókn í samræmi við 4. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.“

2. Upphafleg málsgrein 4. gr. er tölusett sem 1. mgr.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 23. apríl 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. september 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*